

**Nd.**

**589. Nefndarálit**

[15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og rætt það við Seðlabankann, húsnæðismálastjórn og fulltrúa Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða.

Einnig hefur nefndin fengið meðfylgjandi umsögn frá Sambandi ísl. viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða.

Nefndin er sammála um það, að jafna beri greiðslubyrði fullverðtryggðra fasteignaveðslána einstaklinga í samvinnu við og með samþykki þeirra sjóða og stofnana er hlut eiga að máli. Vísast í því sambandi til stefnumörkunar í bráðabirgðaákvæðum 33. gr. laga nr. 13/1979, að samhliða verðtryggingu verði lánstími almennt lengdur.

Ber einnig í þessu sambandi að stuðla að samræmingu verðtryggðra lánskjara þannig að skuldarar njóti „annuitets-kjara“ við endurgreiðslu lána sinna, einnig í þeim skuldasamningum sem þegar er búið að stofna til.

Nefndin telur ekki fært að fara löggjafarleið að greindu marki. Hún leggur til að ríkisstjórnin, í samráði við húsnæðismálastjórn, setji reglur um þetta efni um þegar veitt lán og ný lán við Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Jafnframt er vísað í 4. mgr. 33. gr. laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, um fjölgun gjalddaga lána, og lögð áhersla á það, að því ákvæði sé framfylgt.

Gagnvart öðrum skuldabréfaeigendum, sjóðum, stofnunum, þ. m. t. bönkum og sparisjóðum, þarf að fara samkomulagsleið, eins og áður greinir. Hefur nefndin þegar beint tilmælum í þessa átt til fulltrúa sambanda lífeyrissjóða og mjög jákvæð viðhorf koma fram í umsögn bankanna. Þarf ríkisstjórnin að fylgja því eftir.

Tillögur nefndarinnar eru þessar:

- 1) Að einstaklingum sem skuldurum þegar útgefinna veðskuldabréfa með fullri verðtryggingu verði gefinn kostur á frestun á greiðslu a. m. k. tíunda hluta þeirra greiðslna, sem þeir eiga eftir að inna af höndum á 12 mánaða tímabili frá byrjun þessa árs að telja eða

frá 1. júní n. k. að telja. Verði fjárhæðin færð á sérstakan reikning til endurgreiðslu eftir lok lántímans eða með álagi á næstu 3—5 árum þegar umsamins lántíma, eftir vali skuldara, ef kostur er. Skilmálar um verðtryggingu og vexti breytist ekki að öðru leyti.

- 2) Sjóðir og stofnanir séu hvött til lengingar lántíma á nýjum lánum, er veitt verða.
- 3) Þá er lögð áhersla á, að fjölgun greiðsludaga getur verið þýðingarmikil hagsbót fyrir skuldara, m. a. hjá Húsnæðisstofnun.
- 4) Áriðandi er að sjóðir og stofnanir sem eigendur og umráðamenn þeirra veðskuldabréfa, er falla undir 1. lið, gefi skuldurum kost á umræddri frestun með auglýsingu.

Með vísun til þess, sem að ofan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sighvatur Björgvinsson skilar séráliti.

Alþingi, 10. mars 1983.

Halldór Ásgrímsson,  
form.

Ingólfur Guðnason,  
fundaskr.

Guðm. J. Guðmundsson,  
frsm.

Matthías Bjarnason.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.

#### Fylgiskjal.

Reykjavík, 1. mars 1983

Stjórn Sambands íslenskra viðskiptabanka hefur ásamt fulltrúum Sambands íslenskra sparisjóða kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála ásamt þeirri greinargerð, er því fylgir. Bankar og sparisjóðir hafa fullan skilning á þeim erfiðleikum lántakenda, sem ofangreint frumvarp beinir athygli að, og eru fúsir til að semja um lengingu vísitölubundinna húsnæðislána einstaklinga, þegar þess gerist þörf og fram á það er farið. Munu samböndin beita sér fyrir því, að bankar og sparisjóðir hagi framkvæmd lánamála í samræmi við þetta eftir því sem aðstæður leyfa.

Virðingarfyllst,

F. H. SAMBANDS ÍSL. VIÐSKIPTABANKA F.H. SAMBANDS ÍSL. SPARISJÓÐA  
Jónas H. Haralz Baldvin Tryggvason

Til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.